

## Nemar á SAK

Vinsamlega athugið að hver nemi ber ábyrgð á því að eftirfarandi lista sé framfylgt, **áður en** starfsnám á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefst.

### Velkomin/n á Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)!

Samkvæmt áætlun átt þú að hefja þinn fyrsta dag í klínísku námi á Sjúkrahúsinu á Akureyri þann xx.xx.20xx á **x-deild**

Vinsamlegast mætið í B-inngang á 1. hæð (hjá símavakt)Mánudaginn **xxxx klukkan xx**. Þar mun fræðslustjóri afhenda þér aðgang að rafrænum skráum og skápalykla og ræða aðeins við þig áður en farið er í búningssklefana. Að því loknu verður þér fylgt á deild.

Að gefnu tilefni vil ég biðja þig um að kaupa matarkort (þ.e. ef þú ætlar að vera í mat í mötuneyti) og borga með miðunum í hvert skipti sem matur er keyptur. Matarkortin fást á símavaktinni á 1. hæð við B-inngang.

Þú undirritar þagnaskyldu við komu og færð afhent auðkenniskort. Við minnum á að þagnarskylda er í fullu gildi í eftir að klíníska náminu líkur.

---

**Um leið og þú ert boðinn velkominn til starfa/náms þá kynnum við til leiks nýtt vefnám fyrir nýliða á SAK.**

**Öllum sem hefja störf eða koma sem nemar á SAK er skylt að taka þátt í miðlægrri fræðslu og fræðslustjóri mun hafa eftirlit með þátttöku.**

**Þér er gert að klára áhorf á neðangreinda fyrirlestra og svara spurningum með 75% skor að lágmarki.**

**Það kemur fram í yfirliti hjá okkur ef ekki er horft á alla fyrirlestrana til enda og því biðjum við þig um að vanda til verks.**

**Þetta mun taka 4 klukkustundir í mesta lagi og skal teljast til vinnutíma – klínískir kennarar og umsjónarmenn námskeiða fá afrit af þessum pósti svo þið ræðið saman í framhaldinu um það hvenær tími gefst til þátttöku á fyrsta eða fyrstu dögum klínísku náms.**

**Fyrirkomulagið er þannig að hér að neðan eru tenglar á fyrirlestrana, smella skal á einn í einu og upp kemur innskráningargluggi þar sem nota skal Facebook, Gmail eða Microsoft netfang til innskráningar. Nafnið þitt þarf að vera að baki netfanginu svo við sjáum hver tekur þátt. Svo ætti vefnámið að skýra sig sjálf. Við mælum með að þú notir Internet Explorer útgáfu 10 eða nýrri við vefnámið. Þú hefur 14 daga frá upphafsdegi starfs til að klára.**

**Þar sem við erum að prófa þetta fyrirkomulag þá þætti mér vænt um að fá skriflega endurgjöf ef eitthvað er óljóst eða betur mætti fara á netfangið [dj0313@sak.is](mailto:dj0313@sak.is). Þannig getum við lagað og gert betur. Gangi þér vel!**

Heiti	Tengill
0. Fyrstu neyðarviðbrögð á SAK	<a href="https://mix.office.com/watch/drmhitrnfptk">https://mix.office.com/watch/drmhitrnfptk</a>
1. Hlutverk og framtíðarsýn	<a href="https://mix.office.com/watch/1g2tdkcfq23zh">https://mix.office.com/watch/1g2tdkcfq23zh</a>
2. Starfsmannaþjónustan	<a href="https://mix.office.com/watch/65gpzyr5vxy4">https://mix.office.com/watch/65gpzyr5vxy4</a>
3. Vinnustund og launaseðill	<a href="https://mix.office.com/watch/165t46fsw4tv7">https://mix.office.com/watch/165t46fsw4tv7</a>
4. Uppbygging gæðakerfis og atvikaskráning og alþjóðleg vottun	<a href="https://mix.office.com/watch/1ryzbzvmibp2v">https://mix.office.com/watch/1ryzbzvmibp2v</a>
5. Líkamsbeiting við vinnu	<a href="https://mix.office.com/watch/1dujohpnl07yl">https://mix.office.com/watch/1dujohpnl07yl</a>
6. Öryggismenning og áhættumat	<a href="https://mix.office.com/watch/jxfrezupqjisp">https://mix.office.com/watch/jxfrezupqjisp</a>
7. Vinnuvernd, skyldur og ábyrgð aðila	<a href="https://mix.office.com/watch/b77w9bmb31pr">https://mix.office.com/watch/b77w9bmb31pr</a>
8. Slys, forvarnir, tilkynningar o.fl.	<a href="https://mix.office.com/watch/j0s701xy2mjo">https://mix.office.com/watch/j0s701xy2mjo</a>
9. Brunar og forvarnir	<a href="https://mix.office.com/watch/122u87ux0thzo">https://mix.office.com/watch/122u87ux0thzo</a>
10. Upplýsingaöryggi	<a href="https://mix.office.com/watch/1srzfvjvla5aw">https://mix.office.com/watch/1srzfvjvla5aw</a>
11. Sýkingavarnir	<a href="https://mix.office.com/watch/1bxnfhqpaqdum">https://mix.office.com/watch/1bxnfhqpaqdum</a>
12. Langvarandi kyrrsetur og skjávinna	<a href="https://mix.office.com/watch/xlq4aslw6r5w">https://mix.office.com/watch/xlq4aslw6r5w</a>

Öllum nemum er skylt að skila inn vottorðum um bólusetningar, próf og ræktanir skv. eftirfarandi áður en verknám hefst til fræðslustjóra SAK.

Nemar frá HÍ og HA eiga að vera búnir að skila inn eftirfarandi vottorðum til síns skóla en vert er að árétta MÓSA próf skv. leiðbeiningum hér síðar í skjalinu. Ef viðkomandi hefur ekki skilað inn staðfestingum þá er það hans ábyrgð að gera það áður en klínískt nám hefst.

## Berklapróf

Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf eða skila vottorði um bólusetningu gegn berklum áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum. Berklapróf eru gerð á heilsugæslustöð. Nemandi fær vottorð undirritað á heilsugæslustöð. Vottorðinu skal

skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á SAK.

## Bólusetningar

Öllum nemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi fengið eftirtalda sjúkdóma, eða hafi verið bólusettir gegn þeim: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kíghósti (Pertussis), mænusótt (Polio), mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemandi fái þetta vottorð undirritað á heilsugæslustöð. Vottorðinu skal skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á SAK.

## Lifrabólga B

Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu nema að læknisfræðileg rök mæli gegn því. Bóluset er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Önnur sprautan er gefin mánuði eftir hina fyrstu og sú þriðja 5 mánuðum eftir það. Bólusetningarnar eru gerðar á Heilsugæslustöð. Nemandi fær vottorð undirritað á heilsugæslustöð. Vottorðinu skal skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á SAK.

## MÓSA-próf

Rækta þarf fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus) ef nemandi hefur áður greinst með MÓSA, verið útsettur fyrir, unnið á, dvalist eða fengið meðferð á erlendum sjúkrahúsinum á sl. sex mánuðum fyrir klínískt nám. Þessar reglur eiga við um alla viðveru á klínískri deild. Strok er tekið á Heilsugæslustöð eða Bráðamóttöku SAK. Svar liggur fyrir innan 2 sólarhringa. Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir áður en klínískt nám á SAK hefst. Nemendur sem hafa dvalið/unnið á erlendu sjúkrahúsi sl. 6 mánuði án þess að vinna í snertingu við sjúklinga þurfa ekki að láta rækta sig.

Bókasafns og upplýsingaþjónusta SAK er til húsa á 2. hæð, við hliðina á kennslustofunni og er opið virka daga frá kl. 8.30-16.00

Tvær notendatölvur eru á safninu, einnig þráðlaust net og getur starfsfólk og nemandur komið með fartölvur sínar og tengt þær við netið.

Boðið er upp á aðstoð við upplýsingaleitir og millisafnalán.

Sími: 463 0829 og netfang: [ingveldur@sak.is](mailto:ingveldur@sak.is)

Skv lögum um almannatryggingar nr 100/2007. IV. kafla laga um slysatryggingar, einkum 29. gr. er nemandi sem stundar nám á SAK slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en hann eindreginn hvattur til þessa að kynna sér stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemandi í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn sjúkrahússins, enda vinna þeir á ábyrgð leiðbeinenda sinna á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

**Við óskum þér góðs gengis í verklegu námi á Sjúkrahúsinu Akureyri  
og vonumst til þess að sjá þig í framtíðinni.**

*Starfsfólk deildar kennslu, vísinda og gæða.*